

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 304/2023**

**frá 8. desember 2023**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2503 frá 19. desember 2022 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 að því er varðar hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með lifandi samlokum, lagarafurðum eða í tengslum við útfjólubláa geislun <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 11bk (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627) í hluta 1.1 í I. kafla og 31qk (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 2503**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2503 frá 19. desember 2022 (Stjtið. ESB L 325, 20.12.2022, bls. 58).“

*2. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 164k (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 325, 20.12.2022, bls. 58.

„– **32022 R 2503**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2503 frá 19. desember 2022 (Stj tíð. ESB L 325, 20.12.2022, bls. 58).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/2503, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Pascal Schafhauser***

*formaður*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.